

## 032/01 - Jónína ÍS 85

Jónína ÍS 85, strandar við Stigahlíð í Ísafjarðardjúpi

### Jónína ÍS 85

**Skipaskr.nr.:** 2162

**Smíðaður:** Selfossi 1992 Plast

**Stærð:** 7,00 brl; 6,00 bt

**Lengd:** 8,61 m **Breidd:** 2,90 m **Dýpt:** 1,51 m

**Vél:** Yanmar 140,00 kW **Ágerð:** 1997

**Annað:**

**Földi skipverja:** 2



Ljósmynd: Jóhannes H. Einarsson

### Atvikalýsing

Um kl. 04:00 hinn 20. mars 2001 hélt Jónína ÍS 85 til veiða frá Bolungarvík. Var stefnan tekin út úr höfninni og á Ófæruna. Skömmu eftir brottför "frusu" plotter og GPS staðsetningatæki og fór skipstjóri að reyna að koma þeim í gang. Meðan á þessu stóð kom aðvörun frá dýptarmæli um dýpi og brást skipstjóri við með því að slá strax af, en þá kom mikið högg undir bátinn.

Haldið var aftur inn til Bolungarvíkur þar sem skemmda var leitað en ekki varð vart við neinar þá og báturinn þurr. Tveimur dögum eftir óhappið hafði báturinn þyngst og tók að halla í bakborða. Var hann þá tekinn á land og kom í ljós sprunga á stefni hans og sjór hafði komist inn í síðustokkana.

### Við rannsókn kom fram

- að skipstjórin taldi að báturinn hefði rekist á steina sem stóðu upp úr sjó fyrir utan Ófæruna;
- að skipstjórin taldi að hann hefði rekist í rofa sem skiptir á milli innistýris og útistýris og sjálfstýringin farið af við það;
- að kveikt hafði verið á ratsjá en hún ekki komin inn;
- að aðvörun á dýptarmæli var stillt á 3m;
- að mati skipstjórnarmana hafi rofinn sem skiptir á milli innistýris og útistýris verið á slæmum stað.

### Nefndarálit

Nefndin telur að um aðgæsluleysi hafi verið að ræða og eðlilegri siglingavakt ábótavant.